

Föstudaginn 28. nóv. 1930.

63/1930.

Guðrún H. Lyngdal

gegn

Hermann Jónssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðrún H. Lyngdal, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Föstudaginn 5. dez. 1930.

Nr. 65/1930.

Réttvísinn og valdstjórnin

(Guðm. Ólafsson)

gegn

**Guðna Jónssyni og Guðjóni Björns-
syni** (Stefán J. Stefánsson).

Brot gegn 101. og 109. gr. hegnl.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 7. maí 1930: Ákærði, Guðni Jónsson, á að greiða 250 króna sekt til ríkissjóðs, áður tvær vikur eru liðnar frá birting dóms þessa, en afplána hana að öðrum kosti með þriggja vikna einföldu fangelsi.

Ákærði, Guðjón Björnsson, á að greiða 100 króna sekt til ríkissjóðs áður tvær vikur eru liðnar frá birting dóms þessa, en afplána hana að öðrum kosti með 10 daga einföldu fangelsi.

Skaðabætur greiði hann Jóhannesi Albertssyni næturverði með kr. 37.50 og ríkissjóði kr. 17.50.

Báðir ákærðu greiði einn fyrir báða og báðir fyrir einn allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Mál þetta hefir verið höfðað í héraði aðeins fyrir brot á 12. kapítula hinna almennu hegningarlaga og verður því hér í réttinum ekki dæmt um brot ákærða gegn öðrum lögum.

Með eigin játningu ákærðu og öðrum skýrslum í málinu er það upplýst, er hér segir. Aðfaranótt 23. jan. þ. á., um kl. 3, voru tveir lögregluþjónar Vestmannaeyjakaupstaðar kvaddir til aðstoðar við að koma mönnum út úr veitingahúsi þar, svo að því yrði lokað. Skipuðu lögregluþjónarnir þeim, er þar voru inni, að fara út úr húsinu og hlýddu allir þessu nema ákærði Guðjón Björnsson og tveir menn aðrir. Sérstaklega þrjóskaðist Guðjón, er var nokkuð drukkinn, við að hlýða skipun lögregluþjónanna og ætluðu þeir því að setja hann út úr húsinu með valdi. En þá kom ákærður Guðni Jónsson inn úr fordyri veitingahússins Guðjóni til hjálpar. Urðu ryskingar milli hinna ákærðu annarsvegar og lögregluþjónanna hinsvegar og í þeim ryskingum sló Guðni annan lögregluþjóninn á ennið svo að kúla hljóp upp og að tveimur dögum liðnum sást blár blettur eftir höggið, en önnur meiðsli hlutust ekki af því. Settu lögreglumennirnir þá Guðna í handjárn með hendur á bakinu og fóru með hann í fangahúsið. Að því búnu fóru lögregluþjónarnir aftur í veitingahúsið, og þar sem Guðjón var þar enn með dryggjulæti, settu þeir einnig hann í annan klefa fangahússins.

Eftir að lögregluþjónarnir voru farnir úr fangahúsinu, fékk Guðjón hrundið upp klefahurðinni, fór gegnum ólæstar dyr út í anddyri fangahússins, braut þar rúðu og komst út um gluggann. Fór hann í vélbát, er lá við bryggju, tók þar sög og þjöl og hvarf aftur til fangahússins. Hengilásinn á klefa þeim, er

Guðni var í, var ólæstur og komst því Guðjón inn í klefann, tók Guðna með sér út í anddyrið, sagaði þar sundur gluggapóstinn og hjálpaði Guðna út um gluggann og í annað hús þar í kaupstaðnum og náði þar af honum handjárnunum með því að sverfa þau sundur með þjölinni.

Framangreint afbrot Guðna Jónssonar ber að heimfæra undir 101. gr. hinna almennu hegningarlaga og afbrot Guðjóns Björnssonar undir 101. og 109. gr., síðari málsgrein sömu laga. Þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En þar sem hinir ákærðu, er voru 27 ára og 21 árs að aldri, hafa eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, hafa játað afbrot sin hreinskilnislega og hafa að nokkru greitt og að nokkru boðið fram skaðabætur, þá þykir mega ákveða samkv. 1. gr. laga, nr. 39, 16. nóv. 1907, að refsingu þeirra skuli frestað og hún falla niður, ef fullnægt verður skilyrðum laganna.

Skaðabóta hefir verið krafizt og er það upplýst, að í ryskingunum rifnaði kápa lögregluþjónsins Jóhannesar J. Albertssonar og hafa þær skemmdir verið metnar 90 kr. Skemmdir þær, er Guðjón gerði í anddyri fangahússins og á rúmstæði, er hann braut í klefanum, hafa verið metnar 35 kr. og handjárnin eru talin hafa verið 45 kr. virði. Af þessum upphæðum hefir ákærði, Guðni Jónsson, þegar greitt 45 kr. fyrir handjárnin, 45 kr. fyrir skemmdir á kápunni og kr. 17.50 fyrir skemmdir á fangahúsinu, en Guðjón af sinni hálfu boðið fram bætur. Það ber því að dæma ákærðu in solidum til að greiða lögregluþjóni Jóhannesi J. Albertssyni 45 kr. fyrir skemmdir á kápu hans, og Guðjóni Björnssyni ber ennfremur að greiða kr. 17.50 fyrir skemmdir á fangahúsinu.

Svo ber hinum ákærðu in solidum að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Við meðferð málsins í héraði athugast, að ákæran í aukaréttarstefnunni er ekki eins viðtæk og dómsmálaráðuneytið hafði fyrirskipað og að prófun málsins og meðferð þess fyrir aukaréttinum er hirðulauslega af hendi leyst.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Guðni Jónsson og Guðjón Björnsson, sæti hvor um sig 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákærðu greiði in solidum lögreglupjóni Jóhannesi J. Albertssyni 45 kr. í skaðabætur og ákærði Guðjón Björnsson greiði ennfreður 17.50 kr. fyrir skemmdir á fangahúsinu.

Svo ber og ákærðum in solidum að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og hæstarétti, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Stefáns J. Stefánssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfryjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn þeim Guðna Jónssyni formanni í Ólafshúsum og Guðjóni Björnssyni í Gerði báðum til heimilis hér í Vestmannaeyjum, fyrnefndum fyrir að hafa sýnt lögregluþjóni líkamlegt ofbeldi, en síðarnefndum fyrir að hafa hjálpað Guðna úr fangahúsinu eftir að búið var handtaka hann.

Ákærði, Guðni, hefir kannazt við og einnig er það á annan hátt upplýst, að er lögreglan var að láta ákærða, Guðjón Björnsson, út úr kaffihúsi hér, þá reyndi Guðni að koma honum til hjálpar svo úr urðu ryskingar. En í þeim ryskingum slóg hann lögregluþjón höfuðhögg. Var farið með Guðna í fangahúsið og lokaður þar inni í einum klefanum í myrkri og í járnum, sem verður að telja óþarflega harðneskjulega aðferð. Skömmu síðar var meðákærði Guðjón settur inn í annan klefa í sama húsi vegna óláta í ölæði. En honum tókst að komast út og útvegaði sér síðan tæki til þess að hjálpa Guðna út, sem hann og gjörði og náði líka af honum járnunum með þjöl.

Það er upplýst, að báðir ákærðu voru víndrukknir og verður þessi réttur að líta svo á, að þar sem afbrot þau, sem þeir hafa gjört sig brotlega um, eru refsiverð eftir hegningarlögunum, þá beri að telja ölvun þeirra, sem virðist hafa verið svo mikil að hún hafði áhrif á sjálfræði þeirra, málsbætur, er verði að taka tillit til við ákvörðun refsingarinnar, samkvæmt fyrir-mælum 40. gr. almennra hegningarlaga. Það virðist óeðlilegt og hvort gagnstætt öðru að dæma þá til refsingar fyrir ölvun, en láta þetta um leið draga úr hegningu þeirra. Eins virðist brot kærðu á lögreglusamþykktinni ganga upp í brot þeirra á hegningarlögunum og þeir því ekki eiga að sektast sérstaklega vegna þess.

Ákærði, Guðni Jónsson, hefir samkvæmt framanskráðu brotið gegn 99., sbr. 101. gr. alm. hegningarlaga og virðist refsing hans með hliðsjón af 40. gr. sömu laga hæfilega ákveðin sekt að upphæð 250 kr., sem greiðist innan tveggja vikna, en afplánist annars með þriggja vikna einföldu fangelsi. Skaðabætur hefir hann þegar greitt fyrir skemmdir í fangahúsi og á fatnaði og fyrir handjárnin.

Ákærði, Guðjón Björnsson, hefir samkvæmt framanskráðu gerzt brotlegur gegn 109. gr. almennra hegningarlaga og þykir refsing hans með tilliti til 40. gr. sömu laga og eftir

siðari málsgrein 109. greinar, hæfilega ákveðin 100 króna sekt, er greiðist innan tveggja vikna, en afplánast annars með 10 daga einföldu fangelsi. Í skaðabætur ber honum að greiða 55 krónur, fyrir skemmdir í fangahúsi kr. 17.50 og fyrir skemmdir á kápu kr. 37.50. Ennfremur ber ákærðu einn fyrir báða og báðir fyrir einn að greiða allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður. Báðir ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna.

Mánudaginn 15. dez. 1930.

Nr. 99/1929.

Réttvísín og valdstjórnin

(Stefán J. Stefánsson)

gegn

Hálfðáni Hálfðánarsyni (Lárus Jóhannesson), **Eggert Halldórssyni** (Sveinbjörn Jónsson) **og Hannesi Halldórssyni** (Magnús Guðmundsson).

Atkvæðafölsun.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 8. marz 1929:

Hálfðán Hálfðánarson sæti betrunarhússvinnu í 8 mánuði, Eggert Halldórsson sæti 6 mánaða fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi og Hannes Halldórsson 3 mánaða fangelsi við venju-
legt fangaviðurværi.

Hálfðán og Eggert greiði in solidum þrjá fjórðu hluta af tveim þriðju hlutum alls kostnaðar, sem af málinu löglega leiðir og leitt hefir, þó þannig, að þeir hvor um sig greiði varðhaldskostnað sinn, og Eggert þess utan kostnað við einangrun sína á sjúkrahúsi. Af sakarkostnaðinum greiði Hannes einn fjórða hluta af tveim þriðju hlutum, en einn þriðji hluti af greindum kostnaði greiðist af almannafé.

Þá greiði hinir ákærðu málsvarnarlaun til verjenda sinna, hver fyrir sig, þannig: Hálfðán Hálfðánarson greiði hæstaréttarmálaflutningsmanni Lárusi Jóhannessyni 40 kr., Eggert Halldórsson greiði cand. juris Páli Jónssyni 150 kr. og Hannes Halldórsson hæstaréttarmálaflutningsmanni Magnúsi Guðmundssyni 75 kr.